



DEILISKIPULAG ÁSVALLA - BREYTING Á DEILISKIPULAGI ÁSVÖLLUM 1, HAFNARFIRÐI



Núgildandi deiliskipulag var samþykkt þann 19.01.2010 og öðlaðist gildi þann 27.01.2010

DEILISKIPULAG Í GILDI

Í gildi er deiliskipulag sem samþykkt var í Skipulags- og Byggingarráði Hafnarfjarðar 19.01.2010 og birt í B-deild 27.01.2010. Þar var m. a. gert ráð fyrir stækun íþróttamiðstöðvar, íþróttasal bætt við núverandi sal, gerð tengibygging að yfirbyggðri stúku og fjölnota knattúss sem fyrirhugað var að byggja yfir gervigrasvöll var flutt sunnan við völlinn og snúið þvert á hann.




Ný deiliskipulagstillaga mkv 1 : 2000.

GREINARGERÐ MED BREYTTUM SKIPULAGSUPPDRÆTTI.

Hér er lagt fram breytt skipulag Ásvalla, íþrótt- og útivistarsvæðis Hauka, Ásvöllum 1, Hafnarfirði. Helstu breytingar felast í eftirfarandi.:

- Skilgreind er ný lóð vestan megin íþróttamiðstöðvar innan íþrótt- og útivistarsvæðis undir íbúðir til að stuðla að fjölbreyttari landnotkun á svæðinu. Stærð íbúðalóðar er um 1 Ha. Í stað byggingarreits fyrir skrifstofu- og þjónustuhús vestan íþróttamiðstöðvar er nú gert ráð fyrir um 100 - 110 íbúðum, eða um 10.000 m² byggingarmagn, og er byggingarreit stækkaður. Gert er ráð fyrir 2-5 hæða byggingum. Gólfkóti bygginga er 23,30 metrar og er mænishæð 16,5 metrar yfir gólfkóta. Norðan og sunnan byggingarreits er gert ráð fyrir um 60 nýjum bifreiðastæðum sem á landi og um 90 stæða bílajakjallara undir byggingum á einni hæð. Rampur niður í bílajakjallara sem sýndur er á uppdrætti þessum er leiðbeinandi. Einnig er gert ráð fyrir nýjum bifreiðastæðum í miðju byggingarreits þar sem rampur í bílajakjallara er sýndur. Nýtingarhlutfall er 1,0.
- Fjölnota knattúss sem fyrirhugað var að byggja sunnan við gervigrasvöllinn er flutt norður við gervigrasvöllinn til að stuðla að betri nýtingu lóðar og samnýtingu starfsfólks. Þá er knattúsið fært nyrst á lóðina svo það raski sem minnst núverandi íbúðabyggð. Gólfkóti húss er 23,30 metrar, mænishæð yfir miðju vallar er 25 metrar en 12 metrar yfir hlöðum. Byggingareitur að grunnfleti 13.050 m². Stærð íþróttahúss er að innanmáli 82,5m x 120m eða 9.900 m² (nettó). Lágmarksloft hæð er 20m undir bita í miðju vallar (alla lengd salar) og 11m yfir hlöðarlínu vallar. Í knattúsi skal gera ráð fyrir gervigrasvelli 68m x 105m en leggja skal gervigras a.m.k. 1,5 m út fyrir hlöðar- og endalínur. Miðað er við tvær hlaupaþrautir og upphitunarsvæði lagt tartan hringinn í kringum knattspyrnuvöllinn. Gert er ráð fyrir ca. 900 m² lágreistri þjónustubyggingu samtengdri knattúsinu innan sama byggingarreits. Þjónustubyggingin skal staðsett þannig að hún nýtist bæði gervigrasvelli til suðurs og knattúsi til norðurs. Mænishæð þjónustubyggingar er 5 metrar. Gert er ráð fyrir um 230 nýjum bifreiðastæðum vestan og norðan við knattúss. Aðkoma er milli fyrirhugaðrar stúku og núverandi vallarhúss.

Uppgefnir kótar eru leiðbeinandi og verða ákveðnir á mæli- og hæðarlöðum. Sama gildir um stærð íbúðarlóðar. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.



YFIRLIT - HLUTI AÐALSKIPULAGS HAFNARFJ. 2013-2025

Deiliskipulagsuppdráttur þessi fellur úr gildi og kemur í staðinn fyrir deiliskipulagsuppdrátt dags 19.01.2010 sem öðlaðist gildi þann 27.01.2010

SKÝRINGAR

	BYGGINGARREITUR
	NÚV. BYGGINGAR
	HRAUNGARÐUR
	ÖHREYFT HRAUN
	ÆFINGARSVÆDI
	ADALLEIKVANGUR
	LÖDAMÖRK
	MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
	GÖNGULEIDIR
	BIFREIÐASTÆÐI OG VEGIR
	FORNLEIFAR
	BYGGINGARREITUR BRÁÐABIRGÐASTUKU

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGID HEFUR MÁLSMEÐFERÐ Í SAMRÆMI VÍÐ AKVÆÐI 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA 123 / 2010 VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐI HAFNARFJARÐAR ÞANN 19.01.2010

F. H. SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐS ÞANN 19.01.2010
 F. H. BÆJARSTJÓRNAR HAFNARFJARÐAR ÞANN 27.01.2010
 TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ 20.01.2010 MED ATHUGASEMÐAFRESTI TIL 20.01.2010
 AUGLÝSING UM GILDI STÖÐU BREYTINGARINAR VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN 27.01.2010



ASK ARKITEKTAR EHF.
 GERÐSÓTU 9 101 REYKJALÍK
 SMÍ 515 0300 FAX 515 0319
 www.ask.is

VERKEFNI
 Ásvellir 1, Hafnarfirði

TEGUND TERNINGAR	SKALA	1:2000
DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR	SVANND	BH
HEITI TERNINGAR	TERNND	AK
Til laga að breyttu deiliskipulagi	YFRF.	PG
VER. NR.	DAGS.	09.09.2019
9623	ÚTGAFA	
ADRESNA - NÚMÉR TERNINGAR	05-01	

© ÖLL AÐFUND OG AFRITUN TERNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKTÍASK ARKITEKTA. ENKI SKAL MÆLA UPP AF TERNINGU.